

Fimmtudaginn 25. júní 1998.

Nr. 338/1996.

Tryggvi Tómasson
Hjörtur Jónsson
Ágúst Gunnarsson
Anna Margrét Sigurðardóttir
Sigríður Jósefsdóttir og
Markús Jósefsson

(Sigurður Jónsson hrl.,

Ólafur Björnsson hdl.)

gegn

Jóni Ingileifssyni

(Sigurður Sigurjónsson hrl.)

Landamerkjámál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. september 1996. Dómkröfur þeirra eru eftirfarandi:

1. að staðfest verði með dómi, að landamerki milli Stærribæjar og Svínavatns í Grímsneshreppi séu: úr syðstu þúfu á Svínholti (punktur 150, hnit X 630605,20 og Y 402177,55) sjónhending í miðþúfuna á Markahryggnum (punktur 102, hnit X 633871,96 og Y 402741,34),

2. að staðfest verði með dómi, að landamerki Bjarkar og Svínavatns í Grímsneshreppi séu: úr miðþúfunni á Markahrygg (punktur 102) bein stefna í þúfuna á Stórhólahæð (punktur 117, hnit X 634079,39 og Y 403928,24) og frá henni beina stefnu í þúfuna á Stelpuhæð,

3. að staðfest verði með dómi, að hornmark Brjánsstaðaparts úr Bjarkarlandi og Svínavatns sé miðþúfan á Markahrygg (punktur 102).

Til vara, að því er varðar dómkröfulið 1: að staðfest verði með dómi, að landamerki milli Stærribæjar og Svínavatns séu úr syðstu þúfu á Svínholti (punktur 150) beint í hornstaur túngirðingar Svínavatns á þúfu við vesturbakka vatnsins, syðst (punktur 103, hnit X

631729,07 og Y 402295,52), þaðan beint í punkt 300 (hnit X 631716,33 og Y 402396,31) og þaðan beina línu um efsta Grófarhöfða (punktur 350, hnit X 631819,14 og Y 402387,79) í miðþúfuna á Markahrygg (punktur 102), sem sé hornmark.

Til þrautavara, að því er varðar dómkröfulið nr. 1: að staðfest verði með dómi, að landamerki milli Stærribæjar og Svínavatns séu úr syðstu þúfu á Svínholti (punktur 150) beint í hornstaur túngirðingar Svínavatns á þúfu við vesturbakka vatnsins, syðst (punktur 103), þaðan beint í miðþúfuna á Markahrygg (punktur 102), sem sé hornmark.

Þá krefjast áfrýjendur þess, að stefnda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um annað en málskostnað og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómendur Hæstaréttar gengu á vettvang máls þessa í fylgd aðila og lögmannna þeirra, áður en munnlegur málflutningur fór fram.

I.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Þar á meðal er matsgerð Gylfa Más Guðbergssonar prófessors og Hreggviðar Norðdahl, sérfræðings við Raunvísindastofnun, 15. apríl 1998, en þeir voru dómkvaddir 6. maí 1997 af Héraðsdómi Suðurlands til að svara spurningum, sem settar höfðu verið fram í matsbeiðni lögmanns áfrýjenda. Að því er varðar þúfur á Markahrygg, segir í matsgerðinni, að engar þúfur beri við himin á hryggnum, séð frá Svínholti (merki 150). Þúfur á Markahrygg séu í um það bil 3,3 – 3,5 km fjarlægð frá þúfunni á Svínholti. Samkvæmt samanburði á loftmyndum sýnist þúfur 104, 102 og 200 vera á beinni línu. Þessar þrjár þúfur séu afar ólíkar, þar sem þúfur 102 og 200 séu „fuglaþúfur“ (dritþúfur), aðeins hærri en aðrar þúfur í mólendinu á hryggnum og ekki hlaðnar. Öðru máli gegni um þúfu 104, sem sé miklu stærri og reglulegri að allri gerð. Lausir steinar séu áberandi í næsta nágrenni við þá þúfu, og klöpp sé sýnileg suðvestan við hana. Sé þetta eini staðurinn, þar sem svo háttar til í nágrenni þeirra punkta, sem um sé fjallað. Þá segir, að þúfa 104 hafi verið könnuð nánar með því að reka í hana málmtein, og hafi komið í ljós, að í jarðvegi hennar sé

nokkuð um lausa steina á svæði, sem sé um 2×2 m að stærð og nærri 2 m að hæð (fuglapúfa efst meðtalin). Útlínur blettsins (104) markist og af því, að bæði að vestan og sunnan séu nokkuð beinar og skýrar brúnir í jarðveginum, en þessar brúnir falli saman við röð lausra steina í jarðvegi. Er það niðurstaða matsmanna, að „púfa“ 104 hafi verið hlaðin úr torfi, hnausum og grjóti, enda hátti svo til þarna, að þar sé aðgangur að frostrifinni klöpp og þar með hleðslusteini, en svo sé ekki um aðra staði máli þessu viðkomandi. Ekki verði úr því skorið, hvort mannvirki þetta hafi verið smalakofi eða ekki. Brjánsstaðasmalaskáli á merki 107 hafi verið kannaður á sama hátt, og þar hafi ekki fundist steinar, og sé það merki því ekki nákvæmlega sömu gerðar og þústin á merki 104.

Í matsgerðinni segir og, að púfa í merki 102 sé ekki sambærileg við merki 150, hvað varðar stærð og lögun, því að púfa 102 sé um það bil hnéhá og lítil um sig, en púfa merkt 150 sé rúmur metri á hæð og miklu stærri um sig. Merki 104 sé að vissu marki sambærilegt við merki 150, hvað stærð varðar. Merki 150 sé ekki eins reglulega lagað og merki 104, en hinu fyrrnefnda hafi verið raskað, því að þar hafi verið settur hornstaur girðingar. Merki 104 sé mangert, en ekki verði með vissu sagt, að svo sé um merki 150.

Þá segir, að greinileg stök „púfa“, sem skeri sig úr öðrum, finnist ekki sunnan við merki 104, enda megi segja, að sá punktur sé nálægt suðurenda eða „haus“ á hryggnum. Punktur 107, 104 og 117 séu því sem næst á beinni línu. Lína frá 150 um 103 í 104 sé einnig því sem næst bein lína.

II.

Í héraðsdómi er greint frá málsatvikum, aðdraganda að deilu aðila og hver deiluefni séu. Eins og málið liggur nú fyrir Hæstarétti, er annars vegar deilt um, hvert sé hornmark umræddra jarða á Markahrygg, merki 102 eða 104, og hins vegar, hvernig ákvarða skuli línu frá merki 150 á Svínholti í hornmarkið á hryggnum. Ekki er lengur uppi sú krafa stefnda, að lína þessi verði dregin um punkt merktan 101.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er fallist á þá niðurstöðu hans, að ósannað sé, að um það hafi verið samið, er eigendur

jarða þeirra, sem hér eiga hlut að máli, gengu á merki árið 1977, að merki 102 skyldi vera hornmark jarðanna á Markahrygg.

Eigendur jarðanna Svínavatns, Stærribæjar, Brjánsstaða og Bjarkar í Grímsnesi undirrituðu samkomulag, sem dagsett er 31. október 1992, eins og greint er frá í héraðsdómi. Var því þinglýst 19. janúar 1993. Í upphafi þess segir, að til grundvallar landamerkjum jarðanna skuli lagður uppdráttur, þ. e. hnit, samkvæmt mælingu Gísla Óskarssonar 12. maí 1992. Er síðan kveðið á um nánara samkomulag aðila í fimm liðum. Í fyrstu þremur liðum eru ákvæði um, að sett skuli niður fastmerki á Stórhólahæð í punkti 117, „miðþúfu 104 á Markahrygg“ og „þúfu 103 í Grófarhöfða“. Í lið 4 segir síðan, að bein lína frá síðastgreinda merkinu í hornmark á Svínholti skuli ráða mörkum milli Svínavatns og Stærribæjar.

Í lið 5, A – D, er kveðið á um nokkur atriði. Í A segir, að samkomulag sé um, að girðing á Markahrygg frá fastmerki 102 í Brjánsstaðasmalaskálapúfu standi. Í B – D segir, að stefndi kosti girðingar, þ. e. frá Biskupstungnabraut í fastmerki 104 og frá fastmerki 104 í fastmerki 117, svo og skuli hann kosta gerð fastmerkja við þúfur 104 og 117.

Með samkomulagi þessu fylgdi mæliblað Gísla Óskarssonar frá 12. maí 1992, sem einnig var undirritað af öllum eigendum jarðanna. Eru þar merktir inn allir þeir punktar, sem til umræðu höfðu verið í málinu, nema punktur 150, þ. e. punktar 101, 102, 103, 104 og 117.

Í héraðsdómi er greint frá undirritun samkomulagsins og aðdraganda þess. Hér kom meðal annars til, að uppi voru áform um notkun lands á svæðinu undir sumarbústaði. Þannig liggur fyrir, að áfrýjandinn Hjörtur, eigandi Brjánsstaða, hafði 1. ágúst 1989 fengið samþykka teikningu í hreppsnefnd Grímsneshrepps af sumarbústaðasvæði, sem lá meðfram girðingu, er hann hafði sett upp frá Brjánsstaðasmalaskála í merki 107 að merki 102. Náði hið samþykka svæði langleiðina að merki 104. Verður að skilja lið 5 A í samkomulaginu með hliðsjón af þessu svo og lið 5 B, en af þeim lið leiðir, að stefndi átti að girða þvert yfir girðingu áfrýjandans Hjartar í merki 104. Verður að líta svo á, að samþykki aðila við girðingu Hjartar hafi takmarkast við þetta. Árið 1993 sótti áfrýjandi Hjörtur um framlengingu byggingarsvæðisins norður fyrir punkt 104 með-

fram fyrrnefndri girðingu sinni, en þeirri umsókn var hafnað í hreppsnefnd.

Ljóst er af samkomulagi þessu, að stefndi hefur fallið frá kröfu um, að punktur 101 yrði notaður sem viðmiðun fyrir línu frá Svínsholti að hornmarki á Markahrygg. Hann hefur hins vegar fengið framgengt kröfu um, að á Markahrygg yrði miðað við punkt 104. Jafnframt tók hann að sér að kosta girðingar og merki, eins og áður er fram komið.

Þegar samkomulag þetta er virt í heild, verður að telja, að það beri greinilega með sér, hvað fyrir aðilum þess vakti, og að það hafi ekki getað dulist þeim, sem undir það rituðu. Í fyrstu fjórum liðum þess var kveðið á um merki, sem mörk jarðanna skyldu miðuð við. Til nánari skýringar undirrituðu aðilar sérstakt mæliblað, sem hnit merkjanna voru færð inn á. Í lið 5, A – D, var mælt fyrir um ýmis framkvæmdaatriði. Þegar öll atvik málsins og aðstæður eru skoðuð, verður og að telja, að samkomulagið hafi efnislega verið í samræmi við helstu gögn um merki milli jarðanna og falið í sér eðlilega skýringu á landamerkjabréfum þeirra. Þykir áður rakin matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna vera því til styrktar.

Riftun áfrýjenda á samkomulaginu stafaði af því, að því er best verður séð, að stefndi hefði vanefnt það, er hann girti þvert yfir girðingu áfrýjanda Hjartar. Það getur hins vegar ekki talist haldbær ástæða, þar sem þetta var gert í samræmi við beint ákvæði samkomulagsins, eins og fyrr er rakið. Með skírskotun til raka héraðsdóms er og hafnað málsástæðum áfrýjenda um, að samkomulagið sé með ógildingarannmörkum samkvæmt III. kafla laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. lög nr. 11/1986. Að öllu þessu virtu verður að telja aðila málsins bundna við samkomulagið frá 31. október 1992.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða máls þessa, að landamerki jarðanna Svínvatns annars vegar og Stærribæjar, Brjánstaða og Bjarkar hins vegar skuli vera eins og í dómsorði héraðsdóms segir. Verður hann því staðfestur að niðurstöðu til.

Rétt þykir, að áfrýjendur greiði stefnda sameiginlega málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Málinu var ekki gagnáfrýjað, og kemur krafa stefnda um hækkun málskostnaðar í héraði ekki til álita.

D ó m s o r ð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um landamerki milli jarðanna Svínavatns, Stærribæjar, Brjánsstaða og Bjarkar í Grímsnesi, Árnassýslu, skulu vera óröskuð.

Málkostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjendur, Tryggvi Tómasson, Hjörtur Jónsson, Ágúst Gunnarsson, Anna Margrét Sigurðardóttir, Sigríður Jósefsdóttir og Markús Jósefsson, greiði óskipt stefnda, Jóni Ingileifssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 5. júní 1996.

Ár 1996, fimmtudag 5. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands í málinu nr. E-283/1995: Tryggvi Tómasson, Hjörtur Jónsson, Ágúst Gunnarsson, Anna Margrét Sigurðardóttir, Sigríður Jósefsdóttir og Markús Jósefsson gegn Jóni Ingileifssyni og gagnsök, kveðinn upp eftirfarandi dómur.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. maí 1996, var höfðað hér fyrir héraðsdóminum með stefnu, birtri 19. september 1995. Stefnendur málsins eru Tryggvi Tómasson, kt. 140428-4269, bóndi, Björk, Hjörtur Jónsson, kt. 010326-3549, bóndi, Brjánsstöðum, Ágúst Gunnarsson, kt. 190963-2259, bóndi, Stærribæ, Anna Margrét Sigurðardóttir, kona Ágústs og húsfreyja á Stærribæ, kt. 260865-4049, sem eru eigendur 3/4 hluta af landi Stærribæjar, Sigríður Jósefsdóttir, kt. 160844-3109, Hraunbrún 38, Hafnarfirði, eigandi 1/6 hluta lands Stærribæjar, og Markús Jósefsson, kt. 100747-3169, Sléttahrauni 25, Hafnarfirði, en hann er eigandi 1/12 hluta lands Stærribæjar, hér á eftir nefndir aðalstefnendur. Stefndi í málinu er Jón Ingileifsson, kt. 081137-2269, eigandi Svínavatns og bóndi þar, hér á eftir nefndur gagnstefnandi. Framangreindar jarðir eru allar í Grímsneshreppi, Árnassýslu. Með stefnu, út gefinni 11. desember 1995 og birtri 13. desember s. á., höfðaði stefndi gagnsök í málinu, en á dómþingi 22. mars sl. var gagnsök sameinuð aðalsök.

Er málið var höfðað, var stefnandinn Sigríður Jósefsdóttir eigandi 1/12 hluta lands Stærribæjar, en með afsali 31. desember 1995 keypti hún 1/12 hluta jarðarinnar af bróður sínum, Sigurbirni Jósefssyni, og tók auk fyrri aðildar við aðild hans að málinu.

A. Dómkröfur í aðalsök.

Dómkröfur aðalstefnenda eru:

1. að landamerki milli Stærribæjar og Svínavatns skuli vera:
 - a) úr syðstu þúfu á Svínholti (punktur 150, hnit X 630605,20, Y 402177,55) sjónhending í miðþúfuna á Markahryggjunum (punktur 102, hnit X 633871,96, Y 402741,34),
 - b) að netlög Stærribæjar í Svínavatni skuli svo ákveðin, að hver botn-depill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur,
2. að landamerki milli Bjarkar og Svínavatns skuli vera: úr miðþúfunni á Markahrygg (punktur 102, hnit X 633871,96, Y 402741,34) bein stefna í þúfuna á Stórhólahæð (punktur 117, hnit X 634079,39, Y 403928,24) og frá henni beina stefnu í þúfuna á Stelpuhæð,
3. að hornmark Brjánsstaðaparts úr Bjarkarlandi og Svínavatns skuli vera miðþúfan á Markahrygg (punktur 102, hnit X 633871,96, Y 402741,34).

Til vara, að því er varðar dómkröfulið 1 a:

úr syðstu þúfu á Svínholti (punktur 150, hnit X 630605,20, Y 402177,55) beint í hornstaur túngirðingar Svínavatns á þúfu við vesturbakka vatnsins, syðst (punktur 103, hnit X 631729,07, Y 402295,52), þaðan beint í miðþúfuna á Markahrygg (punktur 102, hnit 633871,96, Y 402741,34), sem sé hornmark.

Gagnstefnandinn Jón Ingileifsson gerir þær dómkröfur í aðalsök, að dómkröfum stefnenda verði hrundið.

B. Dómkröfur í gagnsök.

Í gagnsök gerir gagnstefnandinn Jón Ingileifsson þær dómkröfur aðallega:

1. að landamerki milli Svínavatns annars vegar og Stærribæjar, Brjánsstaða og Bjarkar hins vegar séu eftirfarandi: úr þúfunni framarlega á Svínholti (merki 150, hnit X 630605,20, Y 402177,55), hornmark beint frá henni í þúfuna á Efsta-grófarhöfða (merki 101, hnit X 631933,75, Y 402214,07) og þaðan beint frá henni í miðþúfuna á Markahrygg (merki 104, hnit X 633948,45, Y 402570,78) og þaðan bein stefna frá henni í þúfuna á Stórhólahæð (merki 117, hnit X 634079,39, Y 403928,24) og frá henni beint í þúfuna á Stelpuhæð, en til vara:
 2. að staðfest verði með dómi samkomulag, sem dagsett er 31. október 1992 og undirritað var af öllum aðilum máls þessa, en í samkomulaginu sé samið um, að til grundvallar landamerkjum milli Svínavatns, Brjánsstaða, Stærribæjar og Bjarkar skuli lagður uppdráttur, þ. e. hnit samkvæmt mælingu Gísla Óskarssonar, dags. 12. maí 1992.
- Aðalstefnendur krefjast sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

C. Málskostnaðarkröfur.

Málskostnaðarkröfur í aðalsök og gagnsök eru eftirfarandi:

Af hálfu aðalstefnandans Sigríðar Jósefsdóttur er þess krafist, að gagnstefnandi greiði henni 136.524 krónur í málskostnað. Af hálfu annarra aðalstefnenda er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Gagnstefnandi krefst málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Sættir voru reyndar, en urðu árangurslausar.

Mál milli sömu aðila var fyrir héraðsdóminum árið 1994, og var þá eins og nú deilt um það, hvar á Markahrygg hornmark jarðanna væri, en því máli var vísað frá dómi með úrskurði, upp kveðnum 28. desember 1994. Aðalstefnendur grundvalla nú málsókn sína á nýju skjali með breyttri og nýrri kröfugerð.

II.

Ágreiningur málsaðila snýst einkanlega um tvennt, í fyrsta lagi, hvor af tveimur þúfum á kennileitinu Markahrygg sé hornmark framangreindra jarða. Aðalstefnendur telja, að það sé þúfa 102 samkvæmt hnitamælingu Gísla Óskarssonar, en hún er fyrir norðan þúfu þá, sem gagnstefnandi bendir á í þessu sambandi, þúfu 104 samkvæmt sömu hnitamælingu. Í öðru lagi er ágreiningur með málsaðilum um það, hvar draga eigi landamerkjalinu úr kennileitinu Svínholti, sem er sunnan við Svínavatn, í hornmark jarðanna á Miðmarkahrygg, um Efsta-grófarhöfðann (Efstagrófarhöfða), sem málsaðilar deila um, hvar sé, eins og að framan greinir.

Ágreiningslaust er, að leggja megi til grundvallar við úrlausn málsins hnitamælingu Gísla Óskarssonar, dags. 12. maí 1992, ásamt viðbótum frá 17. og 25. október 1994. Samkvæmt þeim hnitamælingum er nyrðri þúfan á Markahrygg, sem aðalstefnendur segja vera hornmark jarðanna, auðkennd með punktinum 102 og hefur hnitð X 633871,96, Y 402741,34. Syðri þúfan, sem gagnstefnandi segir vera hornmark jarðanna, er aftur á móti auðkennd með punktinum 104, og er hnit hennar X 633948,45 og Y 402570,78.

Í stefnu gera aðalstefnendur grein fyrir nýju heimildarskjali með eftirgreindum orðum:

„Er stefnendur fengu úrskurðinn, hófu þeir að nýju leit að heimildum varðandi þrætulandið. Sú leit hefur borið þann árangur, að fram er komið afrit (kopía) af landamerkjabréfi, gjörðu að Svínavatni 7. nóvember 1878, eða um sjö árum fyrr en landamerkjabréf þau, sem lýst er í úrskurðinum á dskj. 5, bls. 3. Umrætt landamerkjabréf, sem lagt verður fram sem dskj. 4, er með rithönd Porkels hreppstjóra og dannebrogsmanns Jónssonar á Ormsstöðum. Stefnandinn Sigríður Jósefsdóttir fann þetta landamerkjabréf í gömlu skrifpúlti, er gengið hefur að erfðum í föðurætt hennar, en langafi

hennar, Jósef Sveinsson, var eigandi hálftrar jarðarinnar Stærribæjar árið 1878, þegar bréfið var gjört. Stefnendur telja líklegast, að Þorkell hreppstjóri hafi skráð frumrit bréfsins og sent Jósef Sveinssyni þessa kopíu, en Jósef var ekki sjálfur viðstaddur gjörðina.“

Gagnstefnandi mótmælti strax skjali þessu í greinargerð sinni í aðalsök. Þar segir m. a.: „... . Því er mótmælt, að umræddur Þorkell hafi ritað skjalið, og enda þótt svo væri, hefur það ekkert sérstakt gildi. Ljóst er, að skjali þessu hefur aldrei verið þinglýst eða það skráð í jarðabækur, og hvergi er minnst á umrætt skjal við gerð landamerkjabréfs 1885. . .“

Að kröfu aðalstefnandans Sigríðar Jósefsdóttur voru dómkvaddir tveir hæfir og óvilhallir menn til að meta, hvort skjalið bæri rithönd Þorkels Jónssonar á Ormsstöðum, f. 16. maí 1830, d. 27. júní 1893, en hann var hreppstjóri í Grímsneshreppi frá 2. desember 1856 til æviloka. Dómkvaddir matsmenn, þeir Haraldur Árnason rithandarfræðingur og prófessor Stefán Karlsson handritafræðingur, komust að þeirri niðurstöðu, að Þorkell Jónsson hreppstjóri hefði skrifað nafn sitt með eigin hendi á skjalið, „... . meðal annarra nafna á framangreint handskrifað landamerkjabréf“, eins og segir í matsgerðinni. Þeir töldu ekki heldur vafa leika á því, að sami Þorkell Jónsson hefði skrifað með eigin hendi allan texta landamerkjabréfsins og það væri ófalsað. Matsmenn komu fyrir dóminn og staðfestu matið.

Landamerkjabréfið, sem er, eins og að framan greinir, frá 7. nóvember 1878, segir landamerki Svínavatns og Stærribæjar vera eftirfarandi:

„Úr syðstu þúfunni á Svínholti sjónhending í miðþúfuna á Markahryggjunum“.

Í öðrum landamerkjabréfum, er málsaðilar leggja fram til stuðnings sjónarmiðum sínum, kemur eftirfarandi fram:

Í landamerkjabréfi Svínavatns frá 15. maí 1885 segir m. a.:

„Þúfan framarlega á Svínholti hornmark, beint frá henni í þúfuna á Efstagrófarhöfða, beint frá henni í miðþúfuna á Markahryggnum, bein stefna frá henni í þúfuna á Stórhólahæðinni, frá henni beint í þúfuna á Stelpuhæð. . .“

Í landamerkjabréfi Stærribæjar frá 2. júní 1885 segir m. a.:

„... . þaðan beint í þúfu á Brjánsstaða-smalaskála sjónhending í Miðþúfu á Markahryggjum, sem er hornmark að vestan, þaðan sjónhending til austurs um efsta Grófarhöfðann í syðstu Markaþúfu á Svínholti, þaðan bein stefna um þúfu á Smalaskálaholti. . .“

Í landamerkjabréfi Bjarkar frá 1. júní 1886 segir m. a.:

„Þaðan sjónhending í þúfuna í Stelpuhæð, sem er hornmark milli Bjarkar, Þóroddsstaða og Svínavatns, þaðan sjónhending í þúfuna á Stóruhóla-

hæð, úr þeirri þúfu aftur sjónhending í þúfuna á Miðmarkahrygg, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Svínvatns og Stærribæjar, úr þeirri þúfu aptur sjónhending í þúfuna á „Smalaskála“, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Stærribæjar og Brjánsstaða. . .“

Ábúendur Bjarkar og Brjánsstaða gerðu með sér afsalsgerning 7. desember 1939, þar sem Brjánsstaðir fá landspildu úr Bjarkarlandi, og eru í afsalsbréfinu merki spildunnar, eins og hér greinir:

„Að austan, úr þúfu á Miðmarkahrygg, sem er hornmark milli landareigna jarðanna Bjarkar, Svínvatns og Stærribæjar, beina línu í þúfu á Smalaskála, sem er hornmark milli landareigna jarðanna Bjarkar, Stærribæjar, Brjánsstaða og Minni-Borgar, að sunnan beina línu úr áðurnefndri þúfu á Smalaskála í girðingarhornið austan við Blótbjörk. Að vestan ræður svo girðingin norður á móts við fyrstnefnda þúfu á Miðmarkahrygg. Girðingin skal því á þessum kafla framvegis vera landamerkjalinna milli jarðanna Bjarkar og Brjánsstaða. . .“ Hér á eftir verður landspilda þessi nefnd Brjánsstaðapartur úr Bjarkarlandi.

Ágreiningslaust er með málsaðilum, að kennileitið Stórhólahæð sé rétt markað í punkti 117, kennileitið Smalaskáli í punkti 107 í hnitamælingu Gísla Óskarssonar. Eins og að framan greinir, er deilt um hornmark á Markahrygg annars vegar og hins vegar, hver sé sjónhending úr því hornmarki í austur „um efsta Grófarhöfðann í syðstu Markaþúfu á Svínholti“ (Stærribæjarbréfið), en það hornmark (syðsta Markaþúfa á Svínholti) er ágreiningslaust.

Upplýst er og virðist ágreiningslaust, að fyrir um 17 árum, sennilega árið 1977, skoðuðu ábúendur jarðanna merki á Markahrygg. Þeir, sem tóku þátt í þeirri för, munu m. a. hafa verið af hálfu eigenda Svínvatns Ingileifur Jónsson og sonur hans, Jón, gagnstefndi í máli þessu, eigandi og ábúandi Stærribæjar, Gunnar Ágústsson, og eigandi og ábúandi Bjarkar, Tryggvi Tómasson. Við þetta tækifæri var kennileiti í punkti 102 auðkennt sérstaklega með hvítum poka, að því er frásagnir herma, og telja aðalstefnendur það sýna, að málsaðilar hafi þá verið sammála um, að þetta kennileiti væri sú miðþúfa, sem á sé minnst í áðurgreindum landamerkjabréfum. Gagnstefnandi andmælir því hins vegar, að vettvangsgangan hafi þýðingu fyrir úrlausn máls þessa, að minnsta kosti telur hann fullljóst, að sú auðkenning, sem framangreind þúfa hafi þá fengið, sanni á engan hátt, að sjónarmið aðalstefnenda gildi framar sjónarmiðum gagnstefnanda.

Málsaðilar gerðu með sér samkomulag, dagsett 31. október 1992, og er það svohljóðandi:

„Lagður skal til grundvallar landamerkjum ofangreindra bæja uppdrátt-

ur, þ. e. hnit skv. mælingu Gísla Óskarssonar, dags. 12. maí 1992. Aðilar gera með sér samkomulag um eftirfarandi:

1. Setja skal niður fastmerki á Stórhólahæð í punkti 117.
2. Setja skal niður fastmerki á miðþúfu 104 á Markahrygg.
3. Setja skal niður fastmerki á þúfu 103 í Grófarhöfða.
4. Bein lína frá merki 103 í hornmark í Svínholti ræður mörkum milli Svínavatns og Stærribæjar.
5. A. Samkomulag er um, að girðing á Markahrygg frá fastmerki 102 í Brjánsstaðasmalaskálabúfu standi.
 - B. Jón Ingileifsson, bóndi á Svínavatni, kostar girðingu frá vegi, þ. e. Biskupstungnabraut, í fastmerki 104.
 - C. Jón Ingileifsson, bóndi á Svínavatni, kostar girðingu frá fastmerki 104 í fastmerki 117.
 - D. Jón Ingileifsson, bóndi á Svínavatni, kostar gerð fastmerkja við þúfur nr. 104 og 117. . .“

Í ársbyrjun 1993 lét gagnstefnandi þinglýsa þessu samkomulagi, sem allir málsaðilar höfðu þá undirritað, en með bréfi, dagsettu 30. september 1993, tilkynntu aðalstefnendur gagnstefnanda, að þeir riftuðu samkomulaginu. Yfirlýsing aðalstefnanda var svohljóðandi:

„Við undirritaðir lýsum hér með yfir riftun á svokölluðu „samkomulagi“ við þig, þinglýstu 19. janúar sl., vegna skýrra vanefnda þinna á lið A 5 í samkomulaginu. Jafnframt tökum við fram, að við teljum samkomulagið ógilt frá upphafi. Við skorum á þig að hætta nú þegar girðingarframkvæmdum þeim, sem þú hefur hafið á landi jarða okkar. Ella neyðumst við til að biðja um lögbann eða eftir atvikum til þess að fjarlægja girðinguna á þinn kostnað.“

Undir rekstri málsins gekk dómurinn á vettvang ásamt umboðsmönnum málsaðila. Í málinu liggja fyrir munnlegar aðilaskýrslur, er Hjörtur Jónsson, bóndi á Brjánsstöðum, Tryggvi Tómasson, bóndi á Björk, Gunnar Ágústsson, fyrrverandi bóndi á Stærribæ, og gagnstefnandi, Jón Ingileifsson, bóndi á Svínavatni, gáfu hér fyrir dómnum 30. nóvember 1994 við meðferð málsins nr. E-21/1994. Einnig liggja fyrir skýrslur vitnanna Sigurðar Karls Jónssonar og Gísla Gunnars Jónssonar, sona gagnstefnanda, eiginkonu hans Þóru Magnúsdóttur, Guðmundar Arnar Böðvarssonar, er starfaði á Svínavatni sumarið 1993, Ásu Valdísar Jónasdóttur, er þar var í kaupamennsku sumurin 1938 og 1939, og Skúla Helgasonar, er dvaldist á Svínavatni sem ungur maður. Einnig hafa Hjörtur Jónsson og gagnstefnandi, Jón Ingileifsson, gefið aftur skýrslur fyrir dómnum, og einnig hafa nú gefið vitnaskýrslur Gunnar Ágústsson, fyrrverandi bóndi á Stærribæ, Guðmundur Einars-

son verkfræðingur, er dvaldist á Svínavatni sem ungur maður, Snæbjörn Magnússon, sem þar dvaldist á sumrum á sjötta og sjöunda áratugnum, og Árni Snævar Magnússon, sem einnig dvaldist þar nokkur sumur á sjöunda og áttunda áratugnum.

III.

Aðalstefnendur leggja áherslu á, að landamerkjabréfið frá 1878 hafi úrslitabýðingu í þessu máli. Þannig sé það ljóst, að draga eigi landamerkjalinuna úr syðstu þúfu á Svínholti, sem aldrei hafi verið ágreiningur um, hvar væri, sjónhendingu í miðþúfuna á Markahryggjunum. Þannig geti það ekki lengur haft úrslitabýðingu að tilgreina sérstakan landamerkjapunkt á efsta Grófarhöfða, því að áherslan liggir á því, að landamerkjalinan sé dregin úr syðstu þúfu á Svínholti sjónhending í miðþúfuna á Markahryggjunum. Landamerkjabréfið frá 7. nóvember 1878 gangi fyrir landamerkjabréfunum frá 15. maí 1885 og 2. júní 1885, enda hljóti eldri heimildir að ganga fyrir yngri í samræmi við alþekkt lögskýringarsjónarmið á sviði eignarréttar. Þá sé á það að líta, að yngri landamerkjabréfin frá 1885 og 1886 séu samþýðanleg landamerkjabréfinu frá 1878. Það, að yngri landamerkjabréfin tilgreini efsta Grófarhöfða, hafi þannig þann eina tilgang að bæta við punkti á óbreyttri línu sem sjónhendingu úr syðstu þúfu á Svínholti í miðþúfuna á Markahryggjunum. Viðbótarkennileitið efsti Grófarhöfði sé þannig aðeins tilgreint til hægðarauka vegna þess, hve fjarlægðin sé mikil á milli hornmarkanna í Svínholti og miðþúfunnar á Markahrygg. Markahryggur sé glöggt kennileiti, og jafnvíst sé það að mati aðalstefnenda, að hornmarkið á því kennileiti eigi að vera í punkti 102, þar sem þá sé uppfyllt það skilyrði landamerkjabréfanna, að hornmarkið sé miðað við miðþúfuna, en á Markahryggjunum séu þrjár glöggar þúfur og punkturinn 102 í miðþúfunni. Það sé einnig í samræmi við þá niðurstöðu, sem bændurnir sjálfir komust að, er þeir gengu á merki 1977. Að mati aðalstefnenda hafi samkomulagið frá 1992 ekkert gildi. Það hafi verið ógilt frá upphafi, sé með ógildingarannmörkum, sbr. 32. og 36. gr. samningalaga, og því hafi verið rift af aðalstefnendum. Leggja aðalstefnendur áherslu á mikinn aðstöðumun málsaðila. Lögmaður gagnstefnanda hafi samið skjalið og keyrt það í gegn.

Gagnstefnandi telur aftur á móti, að samkomulagið sé fullgilt. Það hafi verið sett upp eftir viðræður við bændurna, og í því sé engin gildra eða torfæra. Riftunaryfirlýsingin sé haldlaus, enda hefðu aðalstefnendur þurft að höfða mál til ógildingar á skjalinu, ef þeir hefðu ætlað að leysa sig undan því. Gagnstefnandi hafi að öllu leyti staðið við samkomulagið og ekki hreyft við girðingarframkvæmdum aðalstefnandans Hjartar, grein 5 A, og

girt sjálfur í fastmerki 104. Samkomulagið hafi verið undirritað af öllum málsaðilum, og því hafi verið þinglýst. Þar sé skýrt kveðið á um, að línan frá merki 104 í hornmark í Svínholti ráði mörkum milli Svínavatns og Stærribæjar, sbr. 4. gr. samkomulagsins. Með skýrum og afdráttarlausum hætti sé þannig túlkuð landamerkjaskrá fyrir Svínavatn frá 15. maí 1885. Með samkomulaginu séu tekin af öll tvímæli um landamerki jarðanna, og samkomulagið sé í fullu samræmi við 1. gr. landamerkjalaga nr. 41/1919. Samkomulagið hafi það í för með sér, að kröfum aðalstefnenda beri að hrinda. Hið nýja skjal aðalstefnenda, sem þeir haldi ranglega fram, að sé landamerkjaskrá frá 1878, sé þýðingarlaust fyrir málið. Það fullnægi á engan hátt skilyrðum þess að vera landamerkjaskrá fyrir Stærribæ og Svínavatn. Þorkell hafi einn undirritað skjalið, og því hafi ekki verið þinglýst í fasteignaskrá. Yngra þinglýst skjal frá 1885 liggir fyrir, sem sé án nokkurs vafa landamerkjaskrá fyrir Svínavatn. Það hafi fullt gildi í máli þessu, og eftir því eigi að fara um landamerki milli jarðanna. Miðþúfa á Markahrygg geti ekki verið annars staðar en í hornmarki því, sem sé punktur 104. Þar sé þúfa, sem sé snittuð til af torfi og grjóti. Hún sé áberandi í landslaginu og greinilega stærrí en þúfa, sem aðalstefnendur bendi á og auðkennd sé með punkti 102. Forskeytið „mið“ merki hér stefnu eða átt. Þúfan á efsta Grófarhöfða auðkennd með punkti 101 sé þúfan, sem sé efst í efsta Grófarhöfða og sé hæsta þúfan á því kennileiti. Gagnstefnandi telur, verði ekki fallist á, að landamerkjalinan liggir um punkt 101, að hún hljóti að liggja um punkt 103, sem einnig sé þúfa á efsta Grófarhöfða og sambærileg að lögun og þúfa 104 á Markahrygg og áður hafi verið lýst, en það sé einmitt varakrafa gagnstefnanda í gagnsök. Að því leyti væri samræmi í varakröfum málsaðila, þar sem aðalstefnendur miði einnig við þann punkt í varakröfu sinni. Að mati gagnstefnanda komi aldrei til álita að miða hornmark á Markahrygg við þúfu, sem beri merkið 102; hún sé sýnu minni en þúfa 104 og væri alls ekki áberandi í landslaginu. Því sé eindregið mótmælt, að gagnstefnandi eða faðir hans hefðu nokkurn tíma viðurkennt þúfu 102 sem hornmark jarðanna. Þótt einhverjir aðalstefnenda hafi, að því er þeir haldi fram, í kringum 1977, auðkennt með hvítum kjötpoka þúfu í merki 102, sé fráleitt að halda því fram, að það hafi gildi í máli þessu, en ef ártalið sé rétt, hafi Ingileifur, bóndi á Svínavatni, verið á níraðisaldri og við það að bregða búi.

IV.

Af atvikum málsins og málflutningi er ljóst, að málsaðila hefur að minnsta kosti í nokkurn tíma greint á um landamerki milli jarðarinnar

Svínavatns annars vegar og hins vegar jarða aðalstefnenda á svæðinu frá Svínholti í hornmark á Markahrygg. Málsaðilar gerðu með sér samkomulag, sem dagsett er 31. október 1992, en það mun þó ekki hafa verið undirritað af öllum aðilum samtímis. Af frásögn málsaðila verður ráðið, að tilfni samkomulagsins var sá ágreiningur, sem uppi var um áðurgreind landamerki, en áform um notkun lands á svæðinu undir sumarbústaði leiddu til girðingarframkvæmda þar. Því er lýst yfir af hálfu gagnstefnanda, sem reisir dómkröfur sínar á efni samkomulagsins, að ekki hafi verið ætlunin með því að breyta landamerkjum jarðanna frá því, sem þau eru skráð í landamerkjabréfum, heldur að skýra og ákveða staðsetningu einstakra kennileita og þar með merkjapunkta á landamerkjalinunni.

Aðalstefnendur halda því fram, að samkomulag, dags. 31. október 1992, hafi verið ógilt frá upphafi, það sé með ógildingarannmörkum, og því hafi verið rift af þeirra hálfu vegna vanefnda gagnstefnanda, þar sem hann hafi girt þvert á girðingu, sem standa átti samkvæmt samkomulaginu. Telja aðalstefnendur þannig, að niðurstaða í máli þessu verði ekki byggð á samkomulaginu.

Ekki verður fallist á, að aðalstefnendur hafi sýnt fram á, að skilyrði séu til að meta skjalið ógilt frá upphafi samkvæmt III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa, sbr. lög nr. 11/1986. Þá verður ekki heldur talið, að skilyrði séu til að meta samkomulagið ógilt í heild sinni samkvæmt 36. gr. sömu laga. Er þá m. a. litið til þess, að hluti aðalstefnenda undirritaði samkomulagið síðar og hafði því aðstöðu til að huga nánar að efni þess, áður en það var endanlega afhent og undirritað af þeim öllum. Þá verður ekki heldur talið, að ætlaðar vanefndir gagnstefnanda á samkomulaginu hafi heimilað aðalstefnendum að rifta því.

Þótt áðurgreint samkomulag hafi, eins og gagnstefnandi heldur fram, átt að setja einstaka merkjapunkta á þeirri landamerkjalinu, sem aðilar deila nú um, og í upphafi samkomulagsins sé sagt, að til grundvallar landamerkjum hlutaðeigandi bæja skuli lagður uppdráttur, þ. e. hnit samkvæmt hnitamælingum Gísla Óskarssonar, er þó aðeins í einum lið samkomulagsins beinlínis kveðið á um, hvernig merkin skuli dregin milli ákveðinna staða. Er það í 4. tölulið, en þar segir: „Bein lína frá merki 103 í hornmark í Svínholti ræður mörkum milli Svínavatns og Stærribæjar.“ Að öðru leyti segir aðeins í samkomulaginu, að setja skuli „niður fastmerki“ á tilgreindum hnitapunktum, og fjallað er um girðingar. Ákvæði samkomulagsins um fyrirkomulag girðinga stangast á að því leyti, að í 5. tölulið A segir, að samkomulag sé um, að girðing á Markahrygg frá fastmerki 102 í Brjánsstaðasmalaskálabúfu standi, en girðing sú, sem gagnstefnandi skal kosta sam-

kvæmt 5. tölulið B frá Biskupstungnabraut í fastmerki 104, sker fyrrnefndu girðinguna á Markahrygg.

Telja verður, að samkomulagið sé ekki svo skýrt að efni til, að af því verði ráðið, að málsaðilar hafi þar til fullnustu náð að leysa úr ágreiningi um landamerki jarðanna. Hins vegar verður að telja, að áðurgreint ákvæði 4. töluliðar samkomulagsins um, að bein lína frá merki 103 í hornmark í Svínholti ráði mörkum milli Svínavatns og Stærribæjar, feli í sér skuldbindandi samkomulag málsaðila um þá merkjalínu og þar með, að hnita-punktur 103 sé settur á þeim stað, sem í landamerkjabréfi Svínavatns frá 15. maí 1885 er nefndur þúfan á Efstagrófarhöfða og í landamerkjabréfi Stærribæjar frá 2. júní 1885 „um efstu Grófarhöfðann“. Í ljósi þessa samkomulags er ekki þörf á að taka í máli þessu afstöðu til landamerkjabréfsins frá 7. nóvember 1878 að því marki, sem það kann að hafa tekið til merkja á framangreindu svæði.

Í landamerkjabréfum þeim, sem fyrir liggja í málinu, er ekki getið sérstaklega um kennileiti eða merkjapunkta á landamerkjum jarðanna frá Efstagrófarhöfða („um efstu Grófarhöfðann“) að Markahrygg. Hins vegar er ágreiningslaust með aðilum, að núverandi girðing, sem liggur frá hnita-punkti 103 að Biskupstungnabraut og fylgir að mestu túni frá Svínavatni, sé ekki staðsett á réttum merkjum jarðanna, heldur hafi staðsetning hennar ráðist af vali á heppilegu girðingarstæði til að forðast það, að girðingin lægi niður í svonefnda Skeiðvallarás, en hætta var á, að skaði yrði á girðingu þar vegna vatnságangs.

Eins og gerð er grein fyrir í kafla II hér að framan, segir í landamerkjabréfi frá 7. nóvember 1878 um landamerki Svínavatns og Stærribæjar, að þau séu úr syðstu þúfunni á Svínholti sjónhending í miðþúfunu á Markahryggjunum. Í landamerkjabréfi Svínavatns frá 15. maí 1885 er landamerkj-unum lýst svo frá þúfunni á Efstagrófarhöfða, að þau liggja „beint frá henni í miðþúfunu á Markahryggnum“, og í landamerkjabréfi Bjarkar frá 1. júní 1886 er merkjunum lýst frá þúfu á Stórhólahæð þannig: „úr þeirri þúfu aftur sjónhending í þúfunu á Miðmarkahrygg, sem er hornmark milli jarðanna Bjarkar, Svínavatns og Stærribæjar“.

Því hefur áður verið lýst, að sennilega á árinu 1977 gengu aðilar á vettvang á Markahrygg og merktu þá þúfu 102 með hvítum kjötpoka. Ágreiningur er með aðilum um þýðingu þessarar merkingar. Halda aðalstefnendur því fram, að þar með hafi aðilar komið sér saman um þá þúfu sem hornmark jarðanna, en gagnstefnandi mótmælir því. Þegar virtur er aðdragandi þessarar áreiðar, hvernig staðið var að merkingunni og það haft í huga, að aðilar aðhöfðust ekkert frekar til að bindast fastmælum um niðurstöðu í

Þessu efni, verður að telja ósannað, að eigendur jarðanna hafi samið um, að þúfa 102 væri hornmark jarðanna á Markahrygg.

Af skoðun á vettvangi verður ekki ráðið, að þar megi með glöggum hætti finna þrjár samliggjandi þúfur, svo að niðurstaða verði byggð á því, að sú í miðri sé umrædd þúfa. Þúfur þær, sem aðilar vísa á sem merkjapunkt, eru ólíkar að stærð, gerð og lögun. Er þúfa merkt 104 þar mun stærri og vel sýnileg í landslaginu, og auk þess verður að telja meiri líkur til, að hún sé gerð af mannavöldum sem merkjapunktur, en þúfa 102. Aðila greinir ekki á um staðsetningu merkjapunktanna Stórhólahæð, hnit merkt 117, og Brjánsstaðasmalaskálarþúfu, hnit 107. Við skoðun á vettvangi sést, að sé bein lína, sjónhending, dregin milli merkjapunktanna á Stórhólahæð og Brjánsstaðasmalaskálarþúfu, liggur sú lína um hnitapunktinn 104, en sé línán dregin um hnitapunktinn 102, verður brot á línunni. Sé hugað að legu landamerkjalinu jarðanna frá Svínholti um hinn umsamda hnitapunkt 103 og að hornmarki á Markahrygg, verður lína dregin frá Svínholti um hnitapunkt 103 í hnitapunkt 104 því sem næst bein lína. Samrýmist það og því orðalagi landamerkjabréfsins frá 7. nóvember 1878, að merkin skuli vera úr syðstu þúfunni á Svínholti sjónhending í miðþúfuna á Markahryggjum. Ef framangreind lína er hins vegar dregin í hnitapunkt 102, verður verulegt brot á línunni í hnitapunkti 103. Landamerkjabréf jarðanna frá 1885 og 1886 voru gerð í tíð landamerkjalaga nr. 5/1882, en í 2. gr. þeirra laga sagði, að þar sem eigi væru glögg landamerki, er náttúran hefði sett, en sjónhending réði, skyldi setja markasteina eða hlaða vörður á merkjum með hæfilegu millibili, svo að merki væru auðséd.

Þegar framangreint er virt, verður að telja, að það sé í betra samræmi við ákvæði landamerkjabréfanna, að hornmark jarðanna Svínavatns, Stærribæjar, Bjarkar og Brjánsstaða á Markahrygg sé þúfa sú, sem merkt er 104, en þúfa merkt 102. Niðurstaða dómsins er því sú, að hornmark jarðanna á Markahrygg sé þúfa sú, sem merkt er sem punktur 104 í hnitamælingum Gísla Óskarssonar og hefur hnitíð X 633948,45, Y 402570,78.

Af hálfu aðalstefnenda, eigenda Stærribæjar, er gerð sú krafa, að netlög Stærribæjar í Svínavatni verði ákveðin svo, að hver botndepill fylgi þeim bakka, sem hann er næstur. Dómkrafa þessi felur í sér kröfu um viðurkenningu á þeim sama rétti og mælt er fyrir um í 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Ekki er fram komið í málinu, að með aðilum hafi um þetta efni komist á önnur skipan en leiðir af nefndri 5. gr. Af frásögn aðila fyrir dómnum verður ráðið, að vatnsborð Svínavatns hefur tekið breytingum á þessari öld og vatnshæðinni stjórnað með tilliti til áveitu á árum áður. Hér kann því að reyna á þýðingu 6. mgr. 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Til stuðnings þessari

dómkröfu hafa aðalstefnendur hvorki lagt fram gögn, uppdrætti né mælingar, sem sýni, hvað felst nákvæmlega í kröfugerð þeirra. Dómkrafa þessi er því verulega vanreifud. Þá er þess einnig að gæta, að ákvörðun um merki samkvæmt 5. gr. vatnalaga ber undir matsmenn samkvæmt 6. gr. sömu laga. Þessum kröfulið er því sjálfkrafa vísað frá dómi.

Fyrir liggur, að aðila greinir ekki á um, að merkjapunkturinn syðsta þúfan á Svínholti sé punktur merktur 150 samkvæmt hnitamælingum Gísla Óskarssonar og hefur hnitíð X 630605,20, Y 402177,55. Þá eru aðilar sammála um, að merkjapunkturinn þúfan á Stórhólahæð sé punktur merktur 117 samkvæmt ádurgreindri hnitamælingu og hafi hnitíð X 634079,39, Y 403928,24. Einnig er það ágreiningslaust, að þaðan liggja landamerkin í beina stefnu í þúfuna á Stelpuhæð. Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu, að landamerki jarða málsaðila skuli að öðru leyti liggja um punkt, sem merktur er 103 samkvæmt nefndri hnitamælingu, þ. e. hnit X 631729,07, Y 402295,52, og punkt, sem merktur er 104 í hnitamælingunni, þ. e. hnit X 633948,45, Y 402570,78. Landamerki jarða aðalstefnenda og gagnstefnanda verða því dæmd sem beinar línur, sjónhending, milli framangreindra hnitapunkta, eins og nánar er lýst í dómsorði.

Eins og að framan greinir, felst í niðurstöðu málsins í aðalsök, að hornmark jarðanna á Markahrygg sé þúfa í punkti 104 í samræmi við þau sjónarmið, er gagnstefnandi heldur fram. Hefur gagnstefnandi því unnið mál þetta að hluta, en að öðru leyti ráðast úrslit málsins af úrlausn um gildi samkomulagsins frá 1992. Við málskostnaðarákvörðun verður því horft til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og þess sjónarmiðs, að eðlilegt sé, að málskostnaður verði að nokkru leyti felldur niður, ef óljós atriði valda því, að úr ágreiningi verði ekki leyst nema með dómi. Í samræmi við framangreint ber aðalstefnendum in solidum að greiða gagnstefnanda upp í málskostnað fjárhæð, sem þykir hæfilega ákveðin 200.000 krónur, en tekið skal fram, að gagnstefnandi hefur ekki gert kröfu um, að tekið verði tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun málskostnaðar.

Með dómsúrlausn um kröfur í aðalsök er tekin efnisafstaða til þeirra krafna, sem aðilar hafa gert í gagnsök, og eru því ekki efni til að leysa sérstaklega úr þeim kröfum. Samkvæmt því og niðurstöðu um málskostnað í aðalsök verður málskostnaður í gagnsök felldur niður.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari ásamt meðdómsmönnum Tryggva Gunnarssyni hæstaréttarlögmanni og Þorgeiri Örlygssyni prófessor kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Kröfu aðalstefnendanna, Ágústs Gunnarssonar, Önnu Margrétar Sigurðardóttur, Sigríðar Jósefsdóttur og Markúsar Jósefssonar um ákvörðun netlaga í Svínavatni er vísað frá dómi.

Landamerki milli Svínavatns annars vegar og Stærribæjar, Brjánsstaða og Bjarkar hins vegar eru úr syðstu þúfu á Svínholti, punkti merktum 150 (hnit X 630605,20, Y 402177,55), bein lína í punkt merktan 103 (hnit X 631729,07, Y 402295,52), þaðan bein lína í punkt merktan 104 (hnit X 633948,45, Y 402570,78) og þaðan bein lína í þúfuna á Stórhólhæð, punkt merktan 117 (hnit X 634079,39, Y 403928,24) og frá henni bein lína í þúfuna á Stelpuhæð.

Í aðalsök skulu aðalstefnendur, Tryggvi Tómasson, Hjörtur Jónsson, Ágúst Gunnarsson, Anna Margrét Sigurðardóttir, Sigríður Jósefsdóttir og Markús Jósefsson, greiða gagnstefnanda, Jóni Ingileifssyni, in solidum 200.000 krónur í málskostnað. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.
